

Alþingi
Erindi nr. Þ 125/1309
komudagur 29. 3. 2000



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis, efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Björns Þorvaldssonar, nefndarritara
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík.

Reykjavík 28. mars 2000.

Efni: Frv. til br. á l. um verðbréfavíðsk. og verðbrsj. (420. mál).

Verzlunarráð Íslands þakkar fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.


Þær breytingar sem boðaðar eru í frumvarpinu telur Verzlunarráð almennt vera til bóta og mælir með samþykkt frumvarpsins. Þær athugasemdir sem Verzlunarráð vill þó gera lúta að 8. gr. frumvarpsins.

Verzlunarráð leggur til að í 1. mgr. komi nýr töluliður sem orðist svo: **að hver einstök viðskipti séu eftir því sem við á samþykkt fyrirfram af viðkomandi yfirmanni þegar stjórnendur, starfsmenn eða makar framangreindra aðila eiga í hlut.**

Með breytingu af þessum toga yrði ábyrgð yfirmanna gerð ótvíræð og frávik frá verklagsreglum eða lögum eða reglum almennt gæti ekki orðið nema að viðkomandi aðili væri þá jafnframt að brjóta af sér gegn fyrirtæki því sem hann vinnur hjá.

Verzlunarráð telur mikilvægt að orðalag 2. og 3. ml. 2. mgr. verði gert skýrara og ótvíræðara og leggur til að þeir orðist svo: **Fyrirtæki ber að gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir því þegar frávik verða frá ákvæðum reglnanna án samþykkis viðkomandi yfirmanns og fyrirtæki er óheimilt að gera undantekningar á verklagsreglum án samþykktar Fjármálaeftirlitsins. Verklagsreglurnar skulu vera aðgengilegar viðskiptavinunum.**

Virðingarfyllst,
f.h. Verzlunarráð Íslands,


Sigríður Asthildur Andersen.

Póstáritun:
Verzlunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is